

REGLUGJÖRÐ

um

skemtanaskatt í Eskifjarðarkauptúni.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 10. júní 1922, skal skatt greiða af skemtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Eskifjarðarkauptúni og aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemtanir.
- b. Sjónleikar.
- c. Kappleikar og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

2. flokkur:

- a. Dansleikar.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að en ekki eru taldar sjerstaklega.

3. gr.

Af skemtunum þeim, sem falla undir fyrsta flokk, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki, 20%.

Ef skemtun er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar, sem herra er skattaður.

4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu veitir hreppsnefnd er sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemtanir, sem haldnar eru í góðgjörðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

5. gr.

47

16. apríl

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir eftirlit með að reglugjörð þessi sje hlýtt og sjer um innheimtu skattsins. Ræður hún til þess sjerstakan mann fyrir sína hönd og nefnist hann eftirlitsmaður skemtana.

6. gr.

Hver, sem halda vill skemtun, sem aðganga er seld að, skal tilkynna eftirlitsmanni skemtana, hvar og hvenær skemtunin skuli haldin.

7. gr.

Aðgöngu má eigi selja að skemtun, nema gegn aðgöngumiða, sem eftirlitsmaður skemtana hefir stimplað og afhent, enda skal hann ávalt hafa fyrirbyggjandi nægar birgðir af þeim. Kostnaður við þá greiðist af skatttekjum, en gerð þeirra ákveður hreppsnefnd.

Um leið og aðgöngumiðar eru afhentir, skal færa í þar til gjörða bók tölu þeirra og verð og reikna út upphæð skattsins.

Seljist ekki allir aðgöngumiðar, skal afgangur þeirra afhentur eftirlitsmanni og dregst þá frá skattur af þeim aðgöngumiðum, sem óseldir eru. Á hvern aðgöngumiða skal skráð verð hans.

8. gr.

Þóknun til eftirlitsmanns fyrir starf hans ákveður hreppsnefnd, og skal hún vera ákveðinn hundradshluti af innheimtum skatttekjum og greiðast af þeim.

9. gr.

Forstöðumaður skemtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður stendur fyrir skemtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um fjelag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt. Nú vanrækir forstöðumaður skemtunar að tilkynna eftirlitsmanni um forstöðu sína og ber þá húsráðandi þess húss, sem til skemtunarinnar er notað, ábyrgð á skattgreiðslunni.

10. gr.

Skattgjald skal greiða eftirlitsmanni um leið og stimplaðir aðgöngumiðar eru afhentir. Nú afhendir eftirlitsmaður stimplaða aðgöngumiða án þess að gjaldið sje greitt og ber hann þá ábyrgð á greiðslu þess. — Skattgjaldið má taka lögtaki.

11. gr.

Skatttekjur skulu lagðar í sjóð og varið til að byggja samkomuhús í hreppnum. Sjóðurinn skal vera undir umsjón hreppsnefndar.

47

16. apríl

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 krónum. Sje brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn.

Mál, sem rísa út af reglugjörð þessari, skal fara með sem almenn lög-reglumál. Sektir renna í hrepps sjóð.

12. gr.

13. gr.

Reglugjörð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, öðlast gildi 1. maí 1926.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir samið, er hjer með staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, til að öðlast gildi frá 1. maí 1926 og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1926.

Jón Magnússon.

Sígfús M. Johnsen.

48

17. apríl

REGLUGJÖRÐ

um

loftnet og grunntengingu fyrir útvarpstæki.

Til þess að koma í veg fyrir óþægindi, tjón og hættu, er hlotist getur af óhentugum útbúnaði loftneta fyrir útvarpstæki eða ljelegum loftnetum og grunntengingu þeirra, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Þar sem inniloftnet gjörir fullnægjandi gagn, má ekki setja útiloftnet.

2. gr.

Loftnet má ekki strengja þannig, að valdið geti truflun á símalínum eða rafmagnstaugum eða hindrað lagningu slíkra lína. Loftnet má ekki festa í símastaura eða rafveitustaura. Ekki má heldur strengja loftnet yfir eða undir símalínur eða raftaugar, hvort heldur háspentar eða lágspentar, aðallínur eða heimataugar. Þó má ef sjerstaklega stendur á, þvera símalínu eða rafmagns-